



Matsáætlun Glerárskóla skólaárið 2025-2026

Matsþættir	Markmið	Viðmið	Tímarammi	Gagnaöflun/matstæki	Matsaðilar
Stjórnun og fagleg forysta - gæðaviðmiðin					
Samvirkni í stefnumótun	Unnið er samkvæmt menntastefnu, hæfniviðmiðum og markmiðum sem birtast í lögum um grunnskóla, aðalnámskrá, skólastefnu og skólanámskrá.	Skólanámskrá er opinber og uppfyllir viðmið aðalnámskrár, samráð er haft við hagsmunaaðila skólasamfélagsins við stefnumótun og sýn og stefnu skólans er miðlað með reglubundnum hætti til foreldra og nemenda.	Skólaárið 2025-2026	Skólanámskrá. Heimasíða. Skólaráð.	Gæðaráð. Kennarar, foreldrar
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Að virkt samtal og samvinna sé milli heimila og skóla og hún byggir á trausti, gagnkvæmri upplýsingamiðlun og ábyrgð.	Að upplýsingum um liðan nemenda og námslega framvindu sé miðlað reglulega til foreldra og að liðið sé á foreldra sem virka þátttakendur í námi nemenda og starfsemi skólans. Foreldrafélag er starfrækt við skólann og samskipti við það góð og gagnkvæm. Upplýsingar um skólastarfið berast til allra í skólasamfélaginu og lögð er rækt við að segja frá jákvæðum viðburðum og fréttum.	Skólaárið 2025-2026	Haustfundur með foreldrum. Föst foreldrasamskipti a.m.k. 2x á skólaári. Regluleg upplýsingagjöf í gegnum heimasíðu, tölvupóst, síma og mentor. Skólapúlsinn	Stjórnendur, foreldrar og gæðaráð.
Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Að sátt sé í skólasamfélaginu um stjórn skólans og daglegt starf vel skipulagt.	Starfsfólk þekkir vel þá verkferla og þær viðbragðsáætlanir sem skólinn hefur sett sér og þær aðgengilegar öllum.	Skólaárið 2025-2026	Starfsmannakönnun. Öryggiskönnun. Foreldrakönnun. Skólapúlsinn. Heimasíða	Gæðaráð.
Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks	Stjórnendur dreifa ábyrgð og gefa starfshópum skýr skilaboð um umboð og ábyrgð. Markvisst er leitast við að styrkja leiðtogahæfni starfsfólks skólans og fela fjölbreyttum hópi ábyrgð og umboð til að leiða verkefni. Í skólanum ríkir sú menning að mikilvægt sé að huga að heilsu alls starfsfólks.	Stjórnendur eru faglegir leiðtogar sem styðja og efla kennara. Starfsfólk upplifir traust, mannaúður er vel nýttur og styrkleikar hvers og eins fá að njóta sín.	Skólaárið 2025-2026	Starfsmannakönnun.	Gæðaráð.
Starfsánægja (liðan og aðbúnaður starfsfólks á vinnustað)	Að starfsfólk liði almennt vel í vinnunni og upplifi sig tilheyra. Að góður starfsandi sé ríkjandi.	Að niðurstöður starfsmannakönnunar sýni að meirihluti starfsmanna (95%) liði vel á vinnustaðnum.	Vor 2026.	Starfsmannasamtöl tvisvar á ári. Starfsmannakönnun.	Stjórnendur.



Nám og kennsla - [gæðaviðmiðin](#)

Inntak og námskrá	Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda. Námsvísar, bekkjarnámskrár eða áætlanir um nám árganga eða einstaklinga innihalda markmið og viðmið um hæfni með stigvaxandi kröfum og samfelli í námi nemenda. Markmið náms eru sýnileg, kynnt og aðgengileg nemendum og foreldrum.	Grunnþáttum menntunar eru gerð skil í námsvísu og áætlunum um nám. Námsvísar og markmið náms eru greinargóð og byggja á hæfniviðmiðum aðalnámskrár. Í námsvísu kemur fram hvernig unnið er að því að efla lykilhæfni allra nemenda.		Foreldrakönnun Rýnihópur nemenda Kennsluáætlanir	
Gæði kennslu	Störf kennara endurspegla stefnu og markmið skólans um kennsluhætti. Viðfangsefni og kennslustundir eru vel skipulagðar og tími nemenda vel nýttur. Kennsluhættir og námsmatsaðferðir eru fjölbreyttar og markvisst er fylgst með framförum nemenda, t.d. með leiðsagnarmati sem byggð eru á markmiðum og viðmiðum um árangur.	Fjölbreyttir kennsluhættir eru áberandi og námi stýrt af markmiðum og hugtökum. Skipulag kennslu og verkefna er gott og námstími nemenda vel nýttur. Markmið kennslu og verkefna eru skráð í námsáætlun og nemendum gerð grein fyrir markmiðum kennslustunda og verkefna. Námsmat er fjölbreytt og tengt markmiðum náms og hæfniviðmiðum.	Skólaárið 2025-2026	Skólapúlsinn Nemendakönnun. Foreldrakönnun. Innlit í kennslustundir. Kennsluáætlanir.	Gæðaráð.
Námsvitund	Nemendur þekkja styrkleika sína í námi og læra að setja sér markmið um nám sitt, skipulag námsframvindu og taka þátt í að meta eigin framfarir. Nemendur eru hvattir til að taka frumkvæði og bera ábyrgð á eigin námi og framkomu.	Nemendur fá þjálfun og leiðsögn í að setja sér markmið í námi og geri sér grein fyrir þeim hæfniviðmiðum og leiðum sem þeir þurfa að vinna að til að ná markmiðum sínum.	Tvisvar sinnum yfir skólaárið, að hausti og vori.	Nemendaviðtöl/samtöl. Nemendakannanir. Skólapúlsinn Rýnihópar. Leiðsagnanám, kannanir.	Kennarar. Skólapúlsinn
Ánægja og líðan	Að nemendum líði vel í skólanum og upplifi að þeir tilheyri. Að nemendur finni að velferð þeirra og líðan skipti máli og að þeir viti hvert þeir geti leitað ef eitthvað bjatar á.	Að niðurstöður úr Skólapúlsi sýni að meirihluta nemenda séu ánægð og líði vel í skólanum.	Skólaárið 2025-2026	Nemendaviðtöl/samtöl. Skólapúlsinn. Tengslakannanir. Kannanir frá samskiptaráði.	Gæðaráð Kennarar.
Innra mat - <u>gæðaviðmiðin</u>					
Skipulag	Litið er á framkvæmd innra mats og umbætur í kjölfar þess sem mikilvægt og sjálfsagt. Innra mat er markmiðsbundið og	Langtímaáætlun um innra mat liggur fyrir þar sem fram kemur hvernig helstu þættir skólastarfsins eru metnir.	Haustönn 2025.	Rýnihópur kennara Heimasíða Skólanámskrá	Gæðaráð



	samofið daglegu skólastarfi.	Ítarleg áætlun um innra mat fyrir viðkomandi skólaár liggur fyrir. Innra mat nær með skýrum hætti og að minnsta kosti yfir alla helstu þætti skólastarfsins, nám og kennslu, stjórnun og fagleg forysta og mati á aðferðum innra mats.		Starfsáætlun	
Umbætur	Greinargerðir, sem lýsa framkvæmd innra mats, helstu niðurstöðum og áætlunum um umbætur eru öllum aðgengilegar og birtast opinberlega. Niðurstöður innra og ytra mats eru formlega kynntar og markvisst notaðar til umbóta.	Innra mats skýrsla er aðgengileg að vori á heimasíðu skólans þar sem fjallað er um helstu styrkleikar og tækifæri til umbóta. Niðurstöður matsins eru settar fram á skýran og einfaldan máta og formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum.	Haustönn 2025.	Rýnihópur kennara Heimasíða Skólanámskrá Starfsáætlun	Gæðaráð
Sérstakar áherslur Glerárskóla og Akureyrarbæjar					
Leiðsagnarnám	Að festa leiðsagnarnám enn frekar í sessi í skólanum.		Allt skólaárið 2025-2026.	Kennarar	Kennarar Stjórnendur Gæðaráð
Útivistardagur að hausti	Að útivistardagur gangi vel fyrir sig og allir gangi sáttir frá borði, bæði nemendur og starfsfólk.	Að meirihluti nemenda og starfsfólks séu ánægðir með útivistardaginn, fyrirkomulag og framkvæmd.	Haustönn 2025.	Starfsmannakönnun. Rýnihópur nemenda.	Gæðaráð
Þemadagar (Harry Potter)	Að þemadagar gangi vel fyrir sig og sköpun, samvinna, liðsheild og gleði sé ríkjandi.	Að meirihluti nemenda og starfsfólks séu ánægðir með þemadagana sjálfa, skipulag þeirra og uppskeruhátiðina í lokin.	Haustönn 2025	Starfsmannakönnun. Rýnihópur nemenda.	Gæðaráð